

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2011/EES/28/01		Dómur dómstólsins frá 10. desember 2010 í máli E-8/10 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu	1
2011/EES/28/02		Dómur dómstólsins frá 10. desember 2010 í máli E-9/10 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein	2
2011/EES/28/03		Dómur dómstólsins frá 10. desember 2010 í máli E-10/10 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi.	3
2011/EES/28/04		Dómur dómstólsins 17. desember 2010 í máli E-5/10 – Dr Joachim Kottke gegn Präsidial Anstalt og Sweetyle Stiftung	4
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/28/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6102 – Wienerberger/Tondach Gleinstätten) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2011/EES/28/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6136 – JCI/Automotive Business of Keiper Recaro Group).	6
2011/EES/28/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6139 – HUK/HDI/WGV/Aspect Online AG) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2011/EES/28/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6155 – Groene Energie Maatschappij NV/Deme NV/S.R.I.W. Environment SA/Electrawinds Offshore NV/Z-Kracht NV/Power@Sea NV/Rent-A-Port Energy NV/Socofe SA/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8

2011/EES/28/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6175 – Danaher/Beckman Coulter)	10
2011/EES/28/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6191 – Birla/Columbian Chemicals)	11
2011/EES/28/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6227 – Caisse des Dépôts et Consignations/Predica/Scor/SCI BRP 1) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	12
2011/EES/28/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6228 – Vivendi/SFR) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2011/EES/28/13	Upphaf málsmeðferðar (Mál COMP/M.6106 – Caterpillar/MWM)	14
2011/EES/28/14	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. júní 2010 um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins (mál COMP/36.212 – Carbonless Paper).	14
2011/EES/28/15	Kynningartilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	15
2011/EES/28/16	Kynningartilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	15
2011/EES/28/17	Kynningartilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	16
2011/EES/28/18	Kynningartilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	16

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2011/EES/28/01

frá 10. desember 2010

í máli E-8/10

Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu

(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum – Tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi)

Hinn 10. desember 2010 felldi dómstóllinn dóm í máli E-8/10, Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu—Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina, sem um getur í 1. lið VII. viðauka við EES-samninginn, upp í íslensk lög að öllu leyti, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt fyrstu málsgrein 63. gr. tilskipunarinnar og 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Þorgeir Örlygsson og Henrik Bull (framsögumaður). Dómsorðin eru svofellð:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að íslenska ríkið hafi, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina, sem um getur í 1. lið VII. viðauka við EES-samninginn, upp í íslensk lög að öllu leyti, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt fyrstu málsgrein 63. gr. tilskipunarinnar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Íslenska ríkið greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2011/EES/28/02****frá 10. desember 2010****í máli E-9/10****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein**

(Vanefndir sammingsaðila á skuldbindingum sínum – Tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi)

Hinn 10. desember 2010 felldi dómstóllinn dóm í máli E-9/10, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein—Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina, sem um getur í 1. lið VII. viðauka við EES-samninginn, upp í landslög að öllu leyti, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1430/2007 frá 5. desember 2007 um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi og samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 755/2008 frá 31. júlí 2008 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hafi Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt fyrstu málsgrein 63. gr. tilskipunarinnar og 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Þorgeir Örlygsson og Henrik Bull (framsögumaður). Dómsorðin eru svofell:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Furstadæmið Liechtenstein hafi, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina, sem um getur í 1. lið VII. viðauka við EES-samninginn, upp í lög að öllu leyti, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1430/2007 frá 5. desember 2007 um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi og samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 755/2008 frá 31. júlí 2008 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt fyrstu málsgrein 63. gr. tilskipunarinnar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Furstadæmið Liechtenstein greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2011/EES/28/03****frá 10. desember 2010****í máli E-10/10****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi**

(Vanefndir sammingsaðila á skuldbindingum sínum – Tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi)

Hinn 10. desember 2010 felldi dómstóllinn dóm í máli E-10/10, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi—Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðirnar, sem um getur í 1. lið og 2. undirlið 1. liðar VII. viðauka við EES-samninginn, upp í norsk lög að öllu leyti, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1430/2007 frá 5. desember 2007 um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hafi Konungsríkið Noregur vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt fyrstu málsgrein 63. gr. tilskipunarinnar og 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramenn Carl Baudenbacher, forseti, Þorgeir Örlygsson og Henrik Bull (framsögumaður). Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Konungsríkið Noregur hafi, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina, sem um getur í 1. lið VII. viðauka við EES-samninginn, upp í lög, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1430/2007 frá 5. desember 2007 um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt fyrstu málsgrein 63. gr. tilskipunarinnar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Konungsríkið Noregur greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2011/EES/28/04****17. desember 2010****í máli E-5/10****Dr Joachim Kottke****gegn****Präsidial Anstalt og Sweetyle Stiftung***(Trygging fyrir málskostnaði fyrir landsdómstólum – Mismunur – 4. gr. EES-samningsins – Réttlætning)*

Hinn 17. desember 2010 felldi dómstóllinn dóm í máli E-5/10 milli Dr Joachim Kottke og Präsidial Anstalt og Sweetyle Stiftung – Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, frá Fürstliches Obergericht (áfrýjunarrétti furstadæmisins), Liechtenstein, varðandi túlkun á 4. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Þorgeir Örlygsson (framsögumaður) og Henrik Bull. Dómsorðin eru svofelld:

1. Í ákvæði landsréttar, sem felur í sér að stefnendur í einkamáli, sem eru ekki heimilisfastir í viðkomandi landi, verði að leggja fram tryggingu fyrir málskostnaði, en að stefnendum, sem eru búsettir í viðkomandi landi, sé ekki skylt að leggja fram slíka tryggingu, felst óbein mismunur í skilningi 4. gr. EES-samningsins.
2. Svo slík mismunur verði réttlætt á grundvelli almannahagsmuna, þarf ákvæði landsréttar að vera nauðsynlegt og hóflegt í því skyni að ná fram markmiðum í þágu almannahagsmuna.
3. Síðarnefnda skilyrðinu er ekki fullnægt í tilvikum þar sem ríkið, sem stefnandi er búsettur í, heimilar fullnustu málskostnaðarkröfu, hvort sem það er á grundvelli samningskuldbindinga eða einhliða.
4. Í öðrum tilvikum má heldur ekki krefjast tryggingar fyrir málskostnaði þannig að það takmarki um of möguleika stefnanda, sem er ekki búsettur í viðkomandi landi, á því að höfða mál. Þetta felur einkum í sér að ekki megi krefjast það hárrar tryggingar fyrir málskostnaði að hún sé úr tengslum við þann kostnað sem stefndi getur haft af málarekstri sínum eða sé ósanngjörn eða að reiða verði trygginguna fram með mjög skömmum fyrirvara. Form tryggingarinnar sem krafist er, við hvaða aðstæður hennar er krafist og hvort stefnandi eigi rétt á gjafsókn eður ei, eru einnig mikilvægir þættir.
5. Það er landsdómstóls að ákvarða í tilteknu máli hvort skilyrðum fyrir réttlætningu sé fullnægt.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6102 – Wienerberger/Tondach Gleinstätten)**

2011/EES/28/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. maí 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Wienerberger AG („Wienerberger“) öðlast að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í austurríska fyrirtækinu WIBRA Tondachziegel Beteiligungs-GmbH („WIBRA“). WIBRA stjórnar ásamt öðrum austurríska fyrirtækinu Tondach Gleinstätten AG („Tondach Gleinstätten“)
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Wienerberger: framleiðir múrsteina og þakflísar úr leir í verksmiðjum í 27 löndum
 - WIBRA: eignarhaldsfélag sem stundar ekki rekstur fyrir eigin reikning
 - Tondach Gleinstätten: framleiðsla og dreifing á múrsteinum og þakflísum úr leir
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 146, 17. maí 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6102 – Wienerberger/Tondach Gleinstätten, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6136 – JCI/Automotive Business of Keiper Recaro Group)

2011/EES/28/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. maí 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Johnson Controls, Inc. („JCI“) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bifreiðadeild þýska fyrirtækisins Keiper Recaro Group („Keiper Recaro“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - JCI: bifreiðakerfi, umsýsla með vinnuáðstöðu, eftirlitskerfi og -þjónusta. Bifreiðadeild JCI tekur m.a. til innréttingaihluta, s.s. bílsæta og burðarvirkja úr málm, íhluta og kerfa fyrir sæti
 - Keiper Recaro: bílsæti og burðarvirki úr málm fyrir bílsæti, íhlutir í vélknúin ökutæki og kerfi, svo sem til að stilla bílsæti
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 149, 20. maí 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6136 – JCI/Automotive Business of Keiper Recaro Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6139 – HUK/HDI/WGV/Aspect Online AG)

2011/EES/28/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. maí 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin HUK24 AG, sem lýtur yferráð-um HUK-COBURG Haftpflicht-Unterstützungs-Kasse kraftfahrender Beamter Deutschlands a. G. í Coburg („HUK“), HDI Direct Versicherung AG, sem lýtur yferráðum HDI Haftpflichtverband der Deutschen Industrie V.a.G. („HDI“), og WGV Holding AG, sem lýtur yferráðum Württembergische Gemeinde-Versicherung a.G. („WGV“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yferráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Aspect Online AG („Aspect“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - HUK: váttryggingar
 - HDI: váttryggingar
 - WGV: váttryggingar
 - Aspect: þýskur vettvangur á Netinu þar sem unnt er að bera saman tryggingaiðgjöld, orkuverð og þjónustugjöld banka; váttryggingamiðlun
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 144, 14. maí 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6139 – HUK/HDI/WGV/Aspect Online AG, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2011/EES/28/08**

(mál COMP/M.6155 – Groene Energie Maatschappij NV/Deme NV/S.R.I.W. Environment SA/Electrawinds Offshore NV/Z-Kracht NV/Power@Sea NV/Rent-A-Port Energy NV/Socofe SA/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. maí 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgísku fyrirtækin i) Groene Energie Maatschappij NV („GEM“), sem lýtur yferráðum Aspiravi Holding, ii) Dredging Environmental & Marine Engineering NV („Deme“), sem lýtur yferráðum Ackermans& Van Haaren og CFE, iii) Electrawinds Offshore NV („Electrawinds Offshore“), sem lýtur yferráðum Electrawinds N.V., iv) S.R.I.W. Environnement SA („SRIWE“), sem lýtur yferráðum SRIW-samstæðunnar, v) Z-Kracht NV („Z-Kracht“), sem lýtur yferráðum Nutesbedrijven Houdstermaatschappij NV, vi) Power@Sea NV („Power@Sea“), sem lýtur yferráðum Deme, SRIWE, Socofe og Techno@Green NV., vii) Rent-A-Port Energy NV („Rent-A-Port Energy“), viii) Socofe SA („Socofe“), öðlast í sameiningu yferráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki, hinu belgíska Otary RS NV („Otary“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Deme: dýpkunarstarfsemi og endurheimt lands, vatnsvirkjanir, umhverfisþjónusta, gróftur, vinnsla og afhending steinefna úr sjó fyrir byggingariðnaðinn, og verkefnastjórn
 - Rent-A-Port Energy: fyrirtæki um sérverkefni, stofnað til að fara með eignarhlut móðurfélaga sinna, Ackermans& Van Haaren og CFE, í Otary
 - Electrawinds Offshore: framleiðsla á rafmagni með vindhverflum, lífmassaplöntum og sólarorkuverum
 - SRIWE: stuðlar að umhverfisstjórnun í Vallóníu með því að eignast hlut í félögum sem starfa á því sviði
 - Z-Kracht: stuðlar að sjálfbærni og nýsköpun með aðild að ýmsum félögum, með áherslu á félög sem framleiða endurnýjanlega orku
 - GEM: aðild að verkefnum við framleiðslu á endurnýjanlegri orku
 - Socofe: fjárfestingar í félögum sem veita sveitarstjórnnum þjónustu á sviði orku, meðhöndlunar sorps, stjórnunar vatnshringrásar og upplýsingatækni
 - Power@Sea: fjárfestir í vindorkuverum á hafi úti
 - Otary: framleiðsla og heildsala á rafmagni og veitir þriðju aðilum þjónustu við þróun vindorkuvera
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 146, 17. maí 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6155 – Groene Energie Maatschappij NV/Deme NV/S.R.I.W. Environment SA/ Electrawinds Offshore NV/Z-Kracht NV/Power@Sea NV/Rent-A-Port Energy NV/Socofe SA/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6175 – Danaher/Beckman Coulter)**

2011/EES/28/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. maí 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Djanet Acquisition Corp., sem lýtur yfirráðum hins bandaríska Danaher Corporation, öðlast með yfirtökutilboði, sem var tilkynnt 15. febrúar 2011, að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Beckman Coulter, Inc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Djanet Acquisition Corp. (Bandaríkin): fyrirtæki sem Danaher Corporation stofnaði vegna yfirtökunnar, en Danaher Corporation er endanlegt eignarhaldsfélag fyrirtækjasamstæðu sem hannar, framleiðir og selur vörur til fagmanna, lækna, iðnaðar, fyrirtækja og neytenda innan þáttanna prófanir og mælingar, umhverfismál, lífvísindi og sjúkdómsgreining, tannlækningar og iðntækni
 - Beckman Coulter, Inc.: framleiðandi og seljandi prófunartækjakerfa fyrir líftækni, prófa og vara sem einfalda og gera flókna tilraunastofuferla innan sjúkdómsgreiningar og lífvísinda sjálfvirka
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 149, 20. maí 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6175 – Danaher/Beckman Coulter, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6191 – Birla/Columbian Chemicals)**

2011/EES/28/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. maí 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Indigold Carbon, sem lýtur yfirráðum hr. Kumar Mangalam Birla, stjórnarformanns indversku samstæðunnar Aditya Birla Group („Birla“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Columbian Chemicals Acquisition LLC („Columbian Chemicals“) og tengdum félögum. Þýsk samkeppnisyfirkvöld hafa vísað samfylkingunni til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins samkvæmt 3. mgr. 22. gr. samrunareglugerðarinnar. Yfirkvöld á Spáni, í Frakklandi og Bretlandi komu síðar að vísuninni.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Birla: framleiðsla á áli og kopar, stuttrefjum úr viskósa, einangrunarefnum, akrýlþráðum, sementi, áburði og kinroki
 - Columbian Chemicals: framleiðsla á kinroki
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 146, 17. maí 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6191 – Birla/Columbian Chemicals, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2011/EES/28/11****(mál COMP/M.6227 – Caisse des Dépôts et Consignations/Predica/Scor/SCI BRP 1)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. maí 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin Caisse des Dépôts et Consignations („CDC“), Predica, sem tilheyrir frönsku samsteypunni Crédit Agricole, og Société Commerciale de Réassurance („Scor“) öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í franska fyrirtækinu SCI BRP 1 með stofnun sameiginlegs fasteigna-fjárfestingarfyrirtækis sem mun kaupa hlutabréfin í SCI BRP 1.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CDC: opinbert hlutafélag sem hefur sérstaka lögformlega stöðu, samstæða í ríkiseigu sem þjónar almannahagsmunum og efnahagslegri þróun í Frakklandi: fasteignaviðskipti, umhverfismál, fjárfestingar og fjárfestingar í hlutafé, svo og þjónusta
 - Predica: váttryggingaþjónusta, tilheyrir Crédit Agricole, franskri bankasamsteypu
 - Scor: þjónusta á sviði endurtrygginga
 - SCI BRP 1: eigandi húsasamstæðu sem gengur undir heitinu „River Ouest“
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 149, 20. maí 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6227 – Caisse des Dépôts et Consignations/Predica/Scor/SCI BRP 1, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6228 – Vivendi/SFR)

2011/EES/28/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. maí 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Vivendi S.A. („Vivendi“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í franska fyrirtækinu SFR S.A. („SFR“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Vivendi: sjónvarpsefni, kvikmyndir, tónlist, gagnvirkir leikir og fjarskiptaþjónusta um fastlínu og farsíma
 - SFR: fjarskiptaþjónusta um fastlínu og farsíma
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 146, 17. maí 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6228 – Vivendi/SFR, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Upphaf málsmeðferðar
(Mál COMP/M.6106 – Caterpillar/MWM)

2011/EES/28/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. maí 2011 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið c) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 22964301/22967244) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.6106 – Caterpillar/MWM, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. júní 2010 um málarekstur
samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-
samningsins

2011/EES/28/14

(mál COMP/36.212 – Carbonless Paper)

Hinn 23. júní 2010 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003, birti framkvæmdastjórnin nafn aðila og meginefni ákvörðunarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins C 138 frá 7. maí 2011*, m.a. álagða sekt, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín. Texti ákvörðunarinnar hefur verið birtur, að slepptum trúnaðarupplýsingum, á eftirfarandi vefslóð:

<http://ec.europa.eu/competition/antitrust/cases/>

**Kynningartilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem 2011/EES/28/15
mælt er fyrir um í 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu**

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Reggio Calabria–Milano Malpensa (báðar leiðir), Reggio Calabria–Pisa San Giusto (báðar leiðir), Reggio Calabria–Torino Caselle (báðar leiðir)
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	27. júní 2011
Upplýsingar og/eða skjöl, sem varða almannaðjónustukvaðirnar, má nálgast endurgjaldslaust samkvæmt beiðni sem senda ber:	ENAC (Ente nazionale per l'aviazione civile) Direzione sviluppo trasporto aereo Viale del Castro Pretorio 118 I-00185 Roma RM ITALIA http://www.enac.gov.it Netfang: osp@enac.gov.it

**Kynningartilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem 2011/EES/28/16
mælt er fyrir um í 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir

Aðildarríki	Ítalía
Flugleið	Reggio Calabria–Torino Caselle (báðar leiðir)
Samningstími	2 ár frá 27. júní 2011
Frestur til að skila tilboðum	Tveimur mánuðum frá því að kynningartilkynning þessi birtist (Stjtið. ESB C 141, 12.5.2011)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	ENAC (Ente nazionale per l'aviazione civile) Direzione sviluppo trasporto aereo Viale del Castro Pretorio 118 I-00185 Roma RM ITALIA http://www.enac.gov.it Netfang: osp@enac.gov.it

Kynningartilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu **2011/EES/28/17**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Ítalía
Flugleið	Reggio Calabria–Pisa San Giusto (báðar leiðir)
Samningstími	2 ár frá 27. júní 2011
Frestur til að skila tilboðum	Tveimur mánuðum frá því að kynningartilkynning þessi birtist (Stjtið. ESB C 141, 12.5.2011)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	ENAC (Ente nazionale per l'aviazione civile) Direzione sviluppo trasporto aereo Viale del Castro Pretorio 118 I-00185 Roma RM ITALIA http://www.enac.gov.it Netfang: osp@enac.gov.it

Kynningartilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu **2011/EES/28/18**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Ítalía
Flugleið	Reggio Calabria–Milano Malpensa (báðar leiðir)
Samningstími	2 ár frá 27. júní 2011
Frestur til að skila tilboðum	Tveimur mánuðum frá því að kynningartilkynning þessi birtist (Stjtið. ESB C 141, 12.5.2011)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	ENAC (Ente nazionale per l'aviazione civile) Direzione sviluppo trasporto aereo Viale del Castro Pretorio 118 I-00185 Roma RM ITALIA http://www.enac.gov.it Netfang: osp@enac.gov.it